

## Hverfisráð Hríseyjar

93. fundur

Mánudaginn 7. júlí 2015 kl.20.00 var 93. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.  
Mætt voru: Anton Steinarsson, Þorgeir Jónsson og Linda María Ásgeirsdóttir varamaður.  
Formaður setti fundinn

### Dagskrá:

1. **Atvinnumál.**

Lítið er að gerast í þessum málaflökki en beðið fréttu af þeim málum sem eru í deigluinni. Hverfisráðið óskar eftir að fá viðbrögð við 1. lið 92. fundar varðandi Hlein.

2. **Brothættar byggðir.**

Hverfisráð fangar því að umsókn um þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir skuli vera samþykkt. Ýmsar hugmyndir hafa verið til umræðu hjá ráðinu varðandi atvinnumál og aðra uppbyggingu í Hrísey og munu þær verða kynntar þegar verkefnið kemst í gang.

3. **Sundlaug**

Hverfisráð óskar eftir því að hægt verði að hafa starf í sundlauginni 100% eins og var í ljósi atvinnuástands í eyjunni þurfum við á því að halda að íbúar geti stundað atvinnu í Hrísey. Þá er átt við að samtals verði þetta 100% en í dag eru þetta tvær stöður sem samtals gera 80%. Ljóst er að það þarf að auka við fjárveitingu til sundlaugar ef þetta á að vera hægt. Eins óskar ráðið eftir því að farið verði í kynningu á þessari glæsilegu aðstöðu sem við höfum hér en lítið sem ekkert hefur verið gert í þeim málum frá opnum þrátt fyrir óskir. Einnig þakkar hverfisráðið fyrir góðan fund með fóstöðumanni og framkvæmdarstjóra samfélags og mannréttindadeildar þar sem rætt var um ráðningar og opnunartíma.

4. **Önnur mál.**

Hverfisráðið óskar eftir því að fá svör við erindum sem send eru til bæjarins því sjá má þegar farið er yfir fundargerðir að ýmis mál eru enn óafgreidd. Enn er verið að koma með tillögur varðandi staðsetningu aðtöðuhúss á Árskógssandi en nú er rætt um að taka 4-5 bílastæði undir húsið. Það telur hverfisráðið ekki vera hægt því nóg vantar af bílastæðum þarna yfir háannatímann.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.50

Anton M. Steinarsson  
Þorgeir Jónsson  
Linda María Ásgeirsdóttir